

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð (Höskulds- 48
staðakirkju).—Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra lands- 13. marz.
höfðingi, dagsett 10. nóvembr f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt
þegnsamlegustum tillögum mínum 11. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allra-
hæst samþykki til þess að selja megi kirkjujörðina Hvammshlíð í Norðurárdal í
Vindhælishreppi fyrir 400 kr. að minnsta kosti og með því skilyrði að andvirð-
inu undir umsjón stiptsyfirvaldanna að svo miklu leyti sem til hrekkur, verði
varið til að viðreisa hin föllnu kúgildi prestakallsins, og að eptirleiðis verði far-
ið með hina umgetnu jörð sem aðrar bænda eignir að því er snertir alla skatta
og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjueign. 49
— Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra lands- 13. marz.
höfðingi, dagsett 5. f. m., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnsam-
legustum tilmælum mínum, þann 11. þ. m. allramildilegast þóknast að veita
allrahæst samþykki til þess, að makaskipta megi frá Tjarnarprestakalli á Vatns-
nesi kirkjujörðunni Vesturhópshólum með hjáleigunni Þorfinnsstöðum fyrir bænda-
eignirnar Nedri Þverá og Þernumýri, þannig, að hin fyrverandi ljenskirka á
Vesturhópshólum, með 140 króna skuld, er á henni hvílir, fylgi með í kaupinu
og verði þannig bænda eign, og að eptirleiðis verði farið með hinar fyrnefndu
eignir sem aðra bænda eign, en hinar síðarnefndu sem aðrar kirkjueignir, að því
er snertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Reikningur

50

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps 1896.

Tekjur.

1. Eign við ársbyrjun:					
Í fasteignum	.	.	.	.	kr. 2310,00
2. Jarðaafgjöld:					
a. landskuldir í fardögum 1896 201½ meðalal. eptir verð-					
lagsskrá 1896/97 47 a..	.	.	.	.	kr. 94,71
b. leigur haustið 1896 eptir 4½ kúgildi 85 meðal					
ál. eptir sömu verðlagsskrá á 47 a.	.	.	.	—	39,95 — 134,66
				Samtals kr.	2444,66

Gjöld.

1. Umboðslaun 1/6 af jarðarafgjöldum	.	.	.	.	kr. 22,44
2. Borgað sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps	.	.	.	.	— 112,22
3. Eign við árslok:					
Í fasteignum	.	.	.	.	— 2310,00
				Samtals kr.	2444,66

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 31. des. 1896.

Páll Briem. Davíð Guðmundsson.